

89. mál

Alþingi
Erindi nr. P 141/360
komudagur 19.10.2012

Minnispunktur SAF um þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða,
~~727. mál~~

SAF hefur í fyrri umsögnum um málið fagnað því að niðurstaða hafi náðst í Rammaáætlunarhópnum um flokkun virkjanakosta og hafa lýst ánægju yfir faglegum vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við flokkunina með tilliti til notagildis landsvæða og náttúruverndar.

SAF hefur einnig bent á að víða geti ferðaþjónusta og orkuvinnsla farið vel saman. Þó þarf að taka tillit til þess að virkjanagerð fylgir aukin lagning rafstrengja, sem eyðileggur möguleika fólks á að njóta víðernis á stórum svæðum en yfir 80% ferðamanna sækja landið heim vegna óspilltrar náttúru. Því er mjög mikilvægt að halda landslagsheildum óröskuðum til að viðhalda samkeppnisgrundvelli íslenskrar náttúru.

- SAF lýsa yfir ánægju sinni með verndanir virkjanakosta á Torfajökulssvæðinu og Bitrusvæði.
 - Torfajökulssvæði er talið jarðfræðilega einstakt á heimsvísu og nauðsynlegt að standa vörð um það.
 - Óspillt náttúra Bitrusvæðisins er gríðarlega mikilvæg vaxandi ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
 - Virkjanir í Innstadal, Þverárdal og Ölfusdal raska fegurð Bitrusvæðisins og leggja samtökin til að þessi svæði verði öll vernduð.
- Því er fagnað að Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjanir 1 og 2 séu settar í biðflokk en þessir virkjanakostir ættu þó að vera í verndarflokki enda við það stærsta þjóðgarðs Evrópu og ferðamenn geta í dag notið víðernis á stórum hluta þessa svæðis.
- **Samtök ferðaþjónustu leggjast gegn virkjun á Sveifluhálsi og telja að svæðið væri betur nýtt sem Reykjanes Geopark til framtíðar en slíkur garður er nú í bígerð á svæðinu. Reikna má með að gestir á Krísuvíkursvæðinu séu nú yfir hundrað þúsund á ári og innviðir hafa batnað mikið á svæðinu með tilkomu Suðurstrandavegar og vegi um Ósabotna. Verðmæti nærsvæða höfuðborgarsvæðisins hvað varðar ferðaþjónustu mun aukast mikið á næstu árum.**
- Nauðsynlegt að vernda virkjanakosti eins og Búlandsvirkjun, Hólmsárvirkjanir og Hverfisfljót. Þessir virkjanakostir eru í jaðri Fjallabakssvæðisins og Vatnajökulshjóðgarðs en þarna liggja mikil tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu.
- Virkjanakosti í Skagafirði þarf að setja í verndarflokk en þarna er verið að tala um Skatastaðavirkjun B og C ásamt Villinganesvirkjun. Í Skagafirði er nú þegar stunduð umfangsmikil ferðaþjónusta og mikil tækifæri.
- Virkjanir sem hafa áhrif á fallegar náttúrperlur þarf að vernda eins Fljótshnúksvirkjun og Búðartunguvirkjun.

Það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtímamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru